



## Gjaldskrá ljósleiðaraheimtauga í dreifbýli Fjarðabyggðar vegna verkefnisins "Ísland ljóstengt"

Fjarðabyggð í samstarfi við fyrirtæki sem annast rekstur fjarskiptakerfa og eða lagningu stofn- eða dreifikerfa af hverju tagi leggur heimtaugar í dreifbýli sem hluta af verkefninu *Ísland ljóstengt*.

Eigendur fasteigna í dreifbýli eiga þess kost að tengjast virkum hluta ljósleiðarakerfis þar sem sveitarfélagið hefur með styrkveitingu Fjarskiptasjóðs eða annarra aðila, ákveðið að byggja upp ljósleiðarakerfi í samstarfi við fjarskiptafyrirtæki.

Styrkhæfir tengistaðir þurfa að uppfylla skilyrði skilmála verkefnisins *Ísland ljóstengt*. Skilyrði styrkveitingar er að fasteign sé tengd ljósleiðaraheimtaug sem tilbúin er til virkrar notkunar.

Tengigjald styrkhæfra tengistaða er 250.000 kr. sem greiðist af eiganda fasteignar. Virðisaukaskattur er ekki lagður á fjárhæð. Tengigjald er á gjalddaga þegar notandi leggur fram ósk um tengingu virks búnaðar.

Tengigjald óstyrkhæfra tengistaða er 500.000 kr. sem er grunn gjald og greiðist af eiganda fasteignar. Virðisaukaskattur er ekki lagður á fjárhæð grunn gjalds. Nemi kostnaður við lagningu heimtaugar hærri fjárhæð greiðist raunkostnaður við heimtaugina. Tengigjald er á gjalddaga þegar lagningu heimtaugar er lokið.

Ljósleiðaraheimtaug er frágengin að fullu frá stofnstreng og inn fyrir húsvegg til notanda.


Línuleigugjald og stafræn þjónustugjöld eru innheimt af fjarskiptafyrirtækjum.


Ljósleiðarakerfi er opið þeim aðilum sem selja stafræna þjónustu til notenda.

Ljósleiðaraheimtaugar eru eign sveitarfélagsins í 10 ár eftir að lagningu heimtaugar lýkur, en hver og einn notandi eignast sína heimtaug að þeim tíma liðnum. Notandi ljósleiðaraheimtaugar greiðir allan viðhaldskostnað frá þeim tíma sem heimtaugin verður virk.

Lagning heimtaugar og tenging hennar er framkvæmd af þeim jarðvinnuverktaka sem annast ljósleiðaralagningu með samkomulagi sveitarfélagsins og aðila sem standa að verkinu.

Í öllum tilfellum er miðað við að fyrir liggi samkomulag við viðkomandi landeiganda og að fullt samráð verði haft við hann varðandi lagnaleiðir.

  
Karl Ottar Pétursson  
bæjarstjóri



Samþykkt í eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd 22. október 2018  
Samþykkt í bæjarráði 29. október 2018  
Samþykkt í bæjarstjórn 1. nóvember 2018